

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, norðan Sjávargrundar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin varðar svæði merkt Ú1, miðbæjarstarfsemi og opið svæði til sérstakra nota - útivistarsvæði, sem er stækkað til norðvesturs og landnotkun verður fjölbreyttari þ.e. blönduð landnotkun fyrir stofnanir, miðbæjarstarfsemi og opið svæði til sérstakra nota, útivistarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*